



Fréttabréf

Sagnfræðingafélags Íslands

Mars 2007 nr. 146

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Bragi Þorgrímur Ólafsson

bragio@bok.hi.is

AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

31. MARS 2007

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands verður haldinn í húsi Sögufélags við Fischersund í Reykjavík **laugardaginn 31. mars**. Fundurinn hefst kl. **16:00** og verður dagskrá hans svohljóðandi, í samræmi við lög félagsins sem má finna á heimasíðu þess, www.sagnfraedingafelag.net:

1. Ársskýrsla stjórnar kynnt og lögð fram til samþykktar.
2. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins kynntir og lagðir fram til samþykktar.
3. Lagabreytingar (engar tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn félagsins).
4. Kjör stjórnar. Kjör tveggja endurskoðenda reikninga og tveggja fulltrúa í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga til eins árs.
5. Ákvörðun árgjalds fyrir næsta starfsár.
6. Önnur mál.

Kl. 17:00 hefst **aðalfundarfyrirlestur** þessa árs. Hrefna M. Karlsdóttir flytur erindi sem nefnist „Deilur á alþjóðlegu hafsvæði. Síldveiðarnar í Norðursjó 1950-1976.“

Hrefna lauk doktorsnámi í sagnfræði frá Gautaborgarháskóla árið 2005 og er erindið byggt á doktorsritgerð hennar, „Fishing on common grounds. The consequences of unregulated fisheries of North Sea herring in the postwar period.“ Í útdrætti Hrefnu segir:

„Fram á fyrri hluta 20. aldar lifðu menn í þeirri góðu trú að síldarstofnar heimsins væru óþrjótandi auðlindir. Það tók þó ekki nema örfáa áratugi að ganga svo nærri mörgum þeirra að þeir nánast hrundu. Á sjöunda áratug síðustu aldar stóðu strandríkin umhverfis Norðursjó frammi fyrir afarkostum, draga úr veiðum ellegar horfa fram á gereyðingu síldarstofnanna. Vandamálið

var að veiðarnar fóru fram á alþjóðlegu hafsvæði og allar aðgerðir til bjargar síldinni kröfðust þess að þær þjóðir sem hagsmuna áttu að gæta settust að samningaborði, viðurkenndu vandann og leystu hann á einn eða annan hátt. Í fyrirlestrinum verða kenningar um nýtingu sameiginlegra auðlinda reifaðar, þróun veiðanna rakin, gerð grein fyrir síldarrannsóknnum og rýnt í samningaviðræður milli 13 þjóða sem allar töldu sig eiga tilkall í auðlindina.“

Eftir aðalfundinn og fyrirlesturinn stendur öllum sem vilja til boða að snæða **léttan og ódýran kvöldverð** á veitingastaðnum **Uppsölum við Hótel Reykjavík Centrum** í Aðalstræti.

Áhugasamir skrái sig sem allra allra fyrst hjá Guðna Th. Jóhannessyni (gudnith@hi.is, 895-2340).

HÁLENDI HUGANS

LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

FÉLAGS ÞJÓÐFRÆÐINGA Á ÍSLANDI OG HEIMAMANNA Á LEIRUBAKKA Í LANDSSVEIT

1.-3. JÚNÍ 2007

Níunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi verður haldin á hinu nýja Heklusetri á Leirubakka í Landssveit í samvinnu við heimamenn helgina **1.-3. júní 2007**. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er *Hálandi hugans* og er dagskrá hennar að finna á bls. 5. Upplýsingar um skráningu verða kynntar síðar í mars. Í undirbúningsnefnd sitja:

Björk Þorleifsdóttir, Guðni Th. Jóhannesson og Íris Ellenberger fyrir hönd Sagnfræðingafélagsins, Aðalheiður Guðmundsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir fyrir Félag Þjóðfræðinga, auk ábúenda á Leirubakka.

www.sagnfraedingafelag.net
www.akademia.is/thjodfraedingar
www.leirubakki.is

ÚR STARFI FÉLAGSINS

Bókaveisla

Priðjudagskvöldið 12. desember sl. stóð félagið ásamt Sögufélagi að fundi þar sem nokkrir höfundar ýmissa sagnfræðirit kynntu bækur sínar sem komu út á síðasta ári. Höfundarnir voru þau Arnþór Gunnarsson (*Guðni í Sunnu*), Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (*Ólafía. Ævisaga Ólafíu Jóhannsdóttur*) Gunnar Kristjánsson (*Saga biskupsstólanna*) Bragi Þorgrímur Ólafsson (*Sá nýi yfirsetukvennaskóli*) og Már Jónsson sem kynnti ritröðina Smárit Sögufélags og Hildur Biering (*Barnauppeldisins heilaga skylda*). Súsanna Margrét Gestsdóttir var fundarstjóri.

Hádegisfundirnir

Þann 9. janúar hófust hádegisfundirnir að nýju eftir áramót undir yfirskriftinni *Hvað er sagnfræði – miðlun*. Sverrir Jakobsson reið á vaðið með fyrirlestri sem hann nefndi „Hvort kemur á undan, rannsóknir eða miðlun?“. Fyrir áramót var lögð áhersla á rannsóknahlið sagnfræðinnar, en nú eftir áramót verður fjallað um miðlunarhlíð fagsins. Að vanda gengur fyrirlestrarröðin vel og fundirnir hafa verið mjög vel sóttir. Guðbrandur Benediktsson er fundarstjóri á vormisseri.

Bókafundur

Priðjudagskvöldið 30. janúar var hinn árlegi bókafundur Sagnfræðingafélags og Sögufélags. Að þessu sinni var fjallað um sex rit – Sigríður Th. Erlendsdóttir fjallaði um rit Þórunnar Erlu Valdimarsdóttur, *Upp á Sigurhæðir. Saga Matthíasar Jochumssonar*, Páll Björnsson fjallaði um rit Inga Sigurðssonar, *Erlendir straumar og íslensk viðhorf*, Rósa Magnúsdóttir fjallaði um bók Guðna Th. Jóhannessonar, *Óvinir ríkisins*, Gunnar Karlsson fjallaði um bók Halldórs Guðmundssonar, *Skáldalíf*, Bragi Þorgrímur Ólafsson fjallaði um 8. bindið af *Sögu Íslands* og Anna Agnarsdóttir fjallaði um ritverkið *Íslenskir sagnfræðingar I-II*.

Ólafur Rastrick var fundarstjóri. Húsfyllir var á fundinum eins og endranær - þrátt fyrir að á sama tíma væri verið að sýna í sjónvarpinu frá mikilvægum leik Íslendinga gegn Dönum á heimsmeistaramótinu í handbolta í Þýskalandi!

Hvað er Írak?

Fimmtudagskvöldið 1. mars hélt Magnús Þorkell Bernharðsson, lektor í sögu Mið-Austurlanda við Williams College í Massachussets í Bandaríkjunum, fyrirlestur í Odda, húsi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, í boði Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélags Íslands. Fyrirlesturinn nefndist „Hvað er Írak? Ástandið í Írak og sagnfræðilegar rannsóknir.“ Húsfyllir var og eftir afar fróðlegan málflutning Magnúsar Þorkels hófust langar umræður um stríðið í Írak og stöðu mála þar.

Þess má geta að vestra er Magnús Þorkell Bernharðsson í forystusveit samtakanna Historians Against the War og fengu þau því nýlega framgengt að sagnfræðingafélagið í Bandaríkjunum (American Historical Association) stóð að netkosningu meðal félaga sinna um afstöðu þeirra til ástandsins í Írak. Um tvö þúsund félagar tóku þátt í kosningunni (um 15% allra félagsmanna) og studdu rúmir þrír fjórðu ályktun þar sem framganga Bandaríkjustjórnar í Íraksmálum var gagnrýnd.

Nánari fréttir um þetta má finna á vefslóðinni <http://blog.historians.org/news/166/iraq-war-resolution-is-ratified-by-aha-members>.

Hádegisfundur um þorskastríðin

Föstudaginn 9. mars stóðu Sagnfræðingafélag Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands að fyrirlestri Andrews Welch, fv. kaptains í breska sjóhernum og höfundar nýrrar bókar um þorskastríðin. Fyrirlesturinn var haldinn í Þjóðminjasafni Íslands og nefndist „Þorskastríð Breta og Íslendinga 1958-1976. Hugleiðingar um ólíka þjóðarhagsmuni, ójafnað í hernaði, stjórnun fjölmiðla og vald stjórnvalda yfir herafla.“

Góður rómur var gerður að máli Welch, jafnvel þótt hann hefði í ýmsu aðra sögu að segja en gerist og gengur þegar þorskastríðin eru annars vegar hér á landi.

Fyrrverandi og núverandi starfsmenn Landhelgisgæslunnar voru áberandi í hópi fundargesta og tóku þátt í fjörugum umræðum að erindinu loknu.

Skráning á Gammabrekku, póstlista Sagnfræðingafélags Íslands, er á slóðinni:

<http://listar.hi.is/mailman/listinfo/gammabrekka>

YFIRLIT YFIR STARF FÉLAGSINS 2006-7

Aðalfundur Sagnfræðingafélags Íslands árið 2006 var haldinn 18. mars það ár í húsi Sögufélags. Fyrir fundinn flutti Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur og menningarfræðingur fyrirlestur. Á fundinum var formaður félagsins, Guðni Th. Jóhannesson, endurkjörinn og með honum í stjórn á yfirstandandi starfsári hafa verið Bragi Þorgrímur Ólafsson, Guðbrandur Benediktsson, Hilma Gunnarsdóttir, Margrét Gestsdóttir, Unnur María Bergsveinsdóttir og Þórunn Guðmundsdóttir. Á starfsárinu bar þetta helst til tíðinda í starfi félagsins:

Laugardaginn 25. mars 2006 stóð félagið að málþinginu „Forsetaembættið og stjórnarskráin í sögulegu ljósi“ í Þjóðminjasafni Íslands. Málþingið var í samvinnu við Stjórnarskrárnefnd og fluttu á því erindi Björg Thorarensen lögfræðingur, Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur, Svanur Kristjánsson stjórn málafræðingur og Þórður Bogason lögfræðingur.

Sagnfræðingafélagið stóð að þriðja íslenska sögubinginu 18.-21. maí 2006 ásamt Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavíkur-Akademíunni, Sögufélagi, og Félagi sögukennara. Þórunn Guðmundsdóttir var fulltrúi félagsins í undirbúningsnefnd.

Hádegisfundaröð félagsins hófst 12. september og var yfirskrift vetrarins „Hvað er sagnfræði? Rannsóknir og miðlun.“ Líkt og veturinn áður voru fyrirlestrar raðarinnar fluttir í fundasal Þjóðminjasafns Íslands. Níu fyrirlestrar voru á dagskrá fyrir áramót og aðrir níu eftir áramót. Guðni Th. Jóhannesson var umsjónarmaður raðarinnar fyrir áramót og Guðbrandur Benediktsson tók svo við.

Í september var ný heimasíða félagsins opnuð. Borgar Þorsteinsson vefhönnuður sá um gerð hennar og Unnur María Bergsveinsdóttir var tengiliður stjórnar í því verki. Slóð hinnar nýju síðu er www.sagnfraedingafelag.net. Í september kom einnig út fyrra bindi tveggja binda verksins *Íslenskir sagnfræðingar*. Í það stórvirki var ráðist í formannstíð Sigurðar Gylfa Magnússonar og því var síðan haldið áfram í tíð Páls Björnssonar.

Hinn 20. september sendi stjórn Sagnfræðingafélags Íslands frá sér ályktun vegna hleranamálsins svokallaða. Formaður sat hjá vegna aðildar hans að því máli.

Laugardagskvöldið 4. nóvember hélt félagið rannsóknaræfingu að loknu hugvísindabingi í samvinnu við Félag íslenskra fræða, Félag

þjóðfræðinga á Íslandi, Íslenska málfræðifélagið og ReykjavíkurAkademíuna. Hinn 4. desember ályktaði stjórn Sagnfræðingafélagsins á ný, og að þessu sinni í tilefni fréttu um uppsagnir nokkurra starfsmanna Íslendingabókar.

Í byrjun desember lauk einnig námskeiði um notkun gagnagrunnsforritsins Access sem haldið var að frumkvæði Sagnfræðingafélagsins og sá Þórunn Guðmundsdóttir um undirbúning fyrir þess hönd. Sjö sagnfræðingar sóttu þetta námskeið.

Laugardaginn 12. desember var árleg bókaveisla félagsins og Sögufélags haldin í húsi Sögufélags. Ýmsir höfundar kynntu þar bækur sínar og ræddu efni þeirra. Súsanna Margrét Gestsdóttir var fundarstjóri. Þriðjudagskvöldið 30. janúar var hinn hefðbundni bókafundur þessara tveggja félaga svo haldinn, og samkvæmt venju í húsi Sögufélags. Sex fræðirit voru þá vegin og metin og var fundarstjóri Ólafur Rastrick.

Í marsmánuði stóðu Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands að tveimur fyrirlesturum. Hinn 1. mars flutti Magnús Þorkell Bernharðsson sagnfræðingur fyrirlestur í Odda, húsi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, og nefndist hann „Hvað er Írak? Ástandið í Írak og sagnfræðirannsóknir.“ Már Jónsson, forstöðumaður Sagnfræðistofnunar, var fundarstjóri. Hinn 9. mars flutti Andrew Welch, fv. kapteinn í breska sjóhernum erindi í Þjóðminjasafni Íslands um þorskastríð Breta og Íslendinga 1958-1976. Guðni Th. Jóhannesson var fundarstjóri.

Á starfsárinu hefur verið unnið að undirbúningi tveggja mikilla ráðstefna: Í byrjun júní verður níunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélagsins og Félags þjóðfræðinga haldin að Hekluasetrinu í Landssveit í samvinnu við heimamenn þar. Björk Þorleifsdóttir, Íris Ellenberger og Guðni Th. Jóhannesson sitja í undirbúningsnefnd fyrir hönd félagsins. Um miðjan ágúst verður 26. norræna sagnfræðingabingið haldið í Reykjavík. Fulltrúar Sagnfræðingafélagsins í Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga og undirbúningsnefnd þingsins eru Halldór Bjarnason og Hrefna M. Karlsdóttir. Nánari upplýsingar um starf félagsins er að finna í Fréttabréfi þess og á heimasíðu.

www.sagnfraedingafelag.net

NORRÆNA SAGNFRÆÐINGAÞINGIÐ Í REYKJAVÍK 2007

Þann 8. ágúst næstkomandi verður 26. Norræna sagnfræðingaþingið haldið í Reykjavík. Að þessu sinni er dagskrá þingsins einstaklega glæsileg og fjölbreytt. Boðið verður upp á um 50 málstofur með meira en 200 fyrirlesurum.

Skráning er þegar hafin á heimasíðu þingsins www.nordisk.hi.is. Rétt er að benda á að stúdentar njóta sérstakra vildarkjara og fá 25% afslátt. Síðasti skráningardagur er 1. júní næstkomandi.

Þess ber að geta að fjöldi þátttakenda verður takmarkaður við 700 og settar verða skorður við fjölda þátttakenda á vissum félagslegum atburðum er tengjast þinginu. Í tengslum við þingið verða ennfremur gefin út þrjú ráðstefnurit.

Rétt er að hvetja alla íslenska sagnfræðinga sem og áhugafólk um hug- og félagsvísindi til að skrá sig á þingið hið fyrsta enda er hér um einstæðan atburð að ræða. Þrátt fyrir að norrænu sagnfræðingaþingin eigi sér meir en eitthundrað ára sögu hefur þingið aðeins einu sinni áður verið haldið hér á landi, árið 1987 og að öllum líkindum er hæpið að þingið verði aftur haldið hér á landi á næstu áratugum. Það er því ekki seinna vænna að skrá sig á þennan einstæða atburð í sögu íslenskrar sagnfræði.

Þingsins sem haldið var í Reykjavík 1987 hefur verið minnst og það rómað á erlendri grundu fyrir tvennt. Í fyrsta lagi brast á með einmuna blíðu á meðan á þinginu stóð en í öðru lagi fengu forsvarsmenn þingsins þá frábæru hugmynd að bjóða upp á „Hemma hos“. Gekk maður undir manns hönd og lagðist sagnfræðiheimur á eitt um að skipta niður gestum þingsins og opna fyrir þeim heimili sín. Þetta þótti takast með eindæmum vel

og hefur þessum síð verið að mestu haldið á þingum síðan sumarið góða. Það væri því nokkur synd ef svo færi að ekki væri hægt að bjóða upp á þennan rammíslenska síð að bjóða kollegum heim í „Hemma hos“, nú þegar þingið hefur snúið aftur til Íslands. Hefur þingnefnd því ákveðið að leggja höfuð sín að veði og skipuleggja þennan merkisatburð að kvöldi föstudagsins 10. ágúst, eða á þriðja degi þingsins. Þrátt fyrir mikilfengleg húsakynni þingnefndar er fyrirsjáanlegt að þingnefnd muni ekki geta hýst alla þinggesti þetta kvöld. Því hefur undirbúningsnefnd þingsins ákveðið að grípa til þess ráðs að leita til sagnfræðinga nær og fjær og óska eftir liðsinni þeirra í þessu göfuga málefni. Hefur þú yfir húsnaði að ráða? Hefur þú yndi af því að taka á móti gestum og kynnst nýju fólki sem hefur gaman af sagnfræði? Þá viljum við eindregið hvetja þig til að hafa samband við framkvæmdastjóra þingsins eður einhvern landsnefndarfulltrúa og skrá þig á lista viljugra. Við leitum að fólki sem er reiðubúið til að taka á móti 10 – 15 gestum kl 19:30 á föstudagskvöldinu 10. ágúst næstkomandi og hafa ofan fyrir þeim í nokkra tíma. Landsnefnd sagnfræðinga mun greiða fyrir veitingar og koma þeim á staðinn. Leggjumst nú öll á eitt og sameinumst um að gera þessa kvöldstund enn eftirminnilegri en þá sem er rómuð um öll Norðurlönd.

Einar Hreinsson

Framkvæmdastjóri Norræna Sagnfræðingaþingsins 2007

RÁÐSTEFNURIT AÐ KOMA ÚT

SÖGUÞING 2006 OG LANDSBYGGÐARÁÐSTEFNAN Á EIÐUM 2005

Í janúar síðastliðnum kom út ráðstefnurit vegna sjöundu landsbyggðarráðstefnu Sagnfræðingafélagsins og Félags Þjóðfræðinga, en hún var haldin á Eiðum á Fljótsdalshéraði í júní 2005. Í ráðstefnuritinu eru 16 greinar eftir jafnmarga fyrirlesara. Til viðbótar er í ritinu viðauki með þýðingu Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur á reglum Ágústínusar kirkjuföður, en þær hafa ekki áður birtst í íslenski þýðingu. Ritstjóri ráðstefnuritsins var Hrafnkell Lárusson. Ritið er fánlegt hjá Bóksölu stúdenta og hjá Sögufélagi, en einnig má nálgast það með því að hafa samband við Arndísi Þorvaldsdóttur í síma 471 1417 eða á netfangið arndis@heraust.is

Nú í mars mun koma út söguþingsrit vegna Þriðja íslenska söguþingsins sem haldið var dagana 18.-21. maí 2006. Ritið kemur út í einu bindi og mun það innihalda hátt í sextíu greinar unnar upp úr fyrirlesturum á söguþinginu. Það eru sagnfræðingarnir Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárusson sem ritstýra. Ritið mun verða kynnt frekar þegar það er komið út.

AÐALFUNDUR
SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS
31. MARS 2007

HÁLENDI HUGANS

LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS, FÉLAGS ÞJÓÐFRÆÐINGA Á ÍSLANDI OG HEIMAMANNA Á LEIRUBAKKA 1.-3. JÚNÍ 2007 DAGSKRÁRDRÖG

Föstudagurinn 1. júní

- 15:00 Brottför með rútu frá Nýja Garði
17:30-18:00 Skrásetning og fólk kemur sér fyrir
18:00-19.30 Léttur kvöldverður
19:30-20:30 Setningarfyrirlestur: Guðmundur Jónsson sagnfræðingur um Guðna Jónsson
20:30-23:00 Móttaka vegna afhjúpunar minnisvarða um Guðna Jónsson

Laugardagurinn 2. júní

- 08:00-09:00 Morgunverður
09:00-10:30 **Málstofa I: Handan hins þekkta:**
• Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur: „Óttinn við hið óþekkt.“
• Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir íslenskufraeðingur: „Jón Brandsson fæst við drauga og útilegumenn.“
• Margaret Cormack miðaldafræðingur: „Á sveimi yfir Heklu: hugmyndir miðaldamanna um fugla og sálir.“
10:30-11:00 Kaffi
11:00-12:30 **Málstofa II: Landamæri og landamörk:**
• Helga Ögmundardóttir mannfræðingur: „Afrétturinn sem hluti af hinu sameiginlega sjálfi. Gnúpverjar og vinin sunnan Hofsjökuls.“
• Einar G. Pétursson handritafræðingur: „Eignir kirkna á fjalllendi og málskilningur og heimildanotkun í þjóðlendumálum.“
• Guðrún Ása Grímsdóttir sagnfræðingur: „Hverjir nýttu fyrrum byggðir og auðnir Íslands frá fjöru til fjalls – og hvernig?“
12:30-14:00 Hádegisverður og hlé
14:00-15:30 **Málstofa III: Í huga sérhvers manns:**
• Anna Dóra Sæþórsdóttir ferðamálafræðingur: „Nýting hálendisins til ferðamennsku.“
• Marion Lerner menningarfræðingur: „Ferðasögur sem minnismerki handa þjóðinni.“
• Björk Bjarnadóttir umhverfisþjóðfræðingur: „Hvað hefur Ýmir að segja? Að upplifa hálendi Íslands með fornar náttúruútskýringar í farteskinu.“
15:30-18:00 Fræðsluferð um Hekluólódir (með kaffi)
Leiðsögumaður: Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri, með aðstoð Þórs Jakobssonar veðurfræðings.
20:00-22:00 **Hátíðarkvöldverður**
• Björk Þorleifsdóttir sagnfræðingur: „Troddu þér nú inn í tjaldið hjá mér. Skemmtanalíf á hálendinu.“
• Bjarni Harðarson blaðamaður: Hátíðarræða.

Sunnudagurinn 3. júní

- 09:00-10:00 Morgunverður
10:00-11:30 **Málstofa IV: Könnun hálendisins:**
• Ingibjörg Jónsdóttir landfræðingur: „Þorvaldur Thoroddsen.“
• Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur: „Hálendið í hugum útlendra ferðamanna.“
• Ingólfur Á. Jóhannesson sagnfræðingur: „Ísland er ekki líkt tunglinu – hugleiðingar um þjálfun tunglfara á Íslandi.“
11:30-13:30 Hádegisverður og hlé
13:30-17:00 **Málstofa V: Opin málstofa um hálendið:**
13:30-15:00
• Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur: „Hálendi hugans.“
• Þorsteinn Hilmarrsson heimspekingur: „Er ferring í firindum? Af sambandi manns og náttúru í nútímanum.“
15:00-15:30 Kaffi
15:30-17:00
• Vigdís Finnbogadóttir frv. forseti Íslands: „Hálendi hugans.“
• Þorvarður Árnason umhverfisfræðingur: „Fagurfræði hálendisins.“
18:00-20:30 Rútuferð til Reykjavíkur

**SKRÁNING Á RÁÐSTEFNUNA
VERÐUR AUGLÝST SÍÐAR**

ÍSLANDSSAGA Í GREINUM OG GEGNIR

Í síðasta hefti Fréttabréfsins, nr. 145 (des. 2006), birtist stutt kynning á vefnum *Söguslóðum*, þar á meðal á gagnasafninu *Íslandssögu í greinum*. Vegna einhvers misskilnings segir þar að færslurnar í safninu séu yfirleitt ekki skráðar í Gegni. Þetta er að sjálfsögðu rangt; langflestar færslurnar eru skráðar í Gegni eins og aðrar greinar í íslenskum tímaritum og öðrum greinasöfnum. Vafalaust vantar færslur í bæði gagnasöfnin; ég veit ekki í hvort þeirra vantar fleiri.

Gegnir hefur það auðvitað fram yfir Íslandssögu í greinum að þar eru færslur í öllum fræðigreinum og því ekki hætt á að gagnleg grein fari framhjá notanda vegna þess að hún teljist til annarrar fræðigreinar en sagnfræði. Í Íslandssögu í greinum verður ekki girt fyrir slíkt, þótt leitast væri við að velja sem allra víðast og taka þannig með flest sem telst til félagsvísinda og snertir einhvern íslenskan veruleika, gamlan eða nýjan. Það er líka kostur á Gegni að þar koma bækur og greinar upp saman, til dæmis ef beðið er um verk ákveðins höfundar, en Íslandssaga í greinum nær aðeins til greina, eins og nafn safnsins sýnir. Hins vegar finnst mér Íslandssaga í greinum einkum taka Gegni fram í tveimur atriðum.

Annað er það að færslur í Íslandssögu í greinum eru flokkaðar í tveimur víddum, eftir efni og eftir því um hvaða tíma þær fjalla. Tímabilaskipting er sú sama og í bókarkveri mínu, *Hvarstæðu* (1981), sem margir kannast við: flokkur A stendur fyrir efni sem ekki er hægt að flokka í tímabil, B fyrir landnáms- og þjóðveldisöld og svo framvegis. Þetta kerfi er

MUNIÐ LANDSBYGGÐARRÁÐSTEFNUNA!

NÝ RITRÖÐ SAGNFRÆÐISTOFNUNAR

Í febrúar kom út fyrsta bókin í nýrri meistaraprófsritröð Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands. Hún ber heitið *Í óræðri samtíð með óvissa framtíð – Íslensk sveitablöð og samfélagsbreytingar um aldamótin 1900*. Bókin er meistaraprófsritgerð Hrafnkels Lárussonar. Efni hennar er rannsókn Hrafnkels á virkni sveitarblaðanna og notkun þeirra á tímum mikilla samfélagsbreytinga og byggðaröskunar, m.a. vegna vesturheimsferða. Háskólaútgáfan dreifir bókinni og fæst hún í bókaverslunum í Reykjavík.

sérstaklega hannað fyrir sagnfræði vegna þess að þar skiptir umfjöllunartíminn svo miklu máli, og notendur sækjast sjaldan eftir efni um hvaða tíma sögunnar sem er. Sé flett upp í *Ýtarlegri leit* eða *Fletta í flokkum* má til dæmis fá upp allan efnisflokkinn *Húsakostur*, 238 færslur alls. En líka er hægt að takmarka leitina við B: landnáms- og þjóðveldisöld og fá 81 færslu, við C: síðmiðaldir (57 færslur), D: rétttrúnaðartíma 1550–1700 (44 færslur), E: upplýsingaröld 1700–1830 (73 færslur), F: sjálfstæðisbaráttutíma 1830–1904 (111 færslur), G: heimastjórnartíma og konungsríki 1904–40 (101 færsla), H: stríðsár og lýðveldistíma (68 færslur). Fjöldi færsla í einstökum tímaflokkum fer langt fram úr heildarfjöldanum í efnisflokknum vegna þess að margar greinar flokkast í tvo eða fleiri tímaflokk.

Hinn meginkostur Íslandssögu í greinum er að notendur geta skoðað efnisflokkunina í heild. Allar greinarnar eru flokkaðar í einn eða fleiri efnisflokk, um 90 talsins. Þannig er auðvelt að fá yfirsýn yfir efnisflokkunina og meta hvar efnið sem maður sækist eftir hlýtur að vera flokkað. Í Gegni er aðeins hægt að leita að efni eftir efnisorðum og vandasamt að sjá hvaða orð geta komið til greina. Í Íslandssögu í greinum eru færslum ekki gefin efnisorð, en hægt er að leita að orðum og orðhlutum í titlum greina (undir *Einföld leit*).

Gunnar Karlsson

Athugasemd ritstjóra: Í greininni um Íslandssögu í greinum í síðasta fréttabréfi var í umræddri klausu átt við að í gagnasafninu væru m.a. skráðar greinar úr Lesbók Morgunblaðsins, en þær eru ekki skráðar í Gegni. Beðist er forláts á ónákvæmu orðalagi.

NÝTT RIT UM ÞÝÐINGAR 1874-1910

Af erlendri rót. Þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku 1874-1910 er heitið á nýjustu bókinni í ritröðinni Studia Islandica. Í bókinni er ítarleg umfjöllun um þýðingar sem birtust í blöðum og tímaritum hér á landi 1874-1910 ásamt viðamikilli skrá yfir þýðingarnar. Í bókinni má sjá hvaða höfundar voru þýddir, hvers konar textar voru vinsælastir til þýðingar og í mörgum tilvikum hverjir voru mikilvirkustu þýðendurnir. Höfundur bókarrinnar er Svanfríður Larsen. Bókin er 284 blaðsíður að lengd og kostar 3.700 kr.

MÍÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU STOFNUÐ

Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa 26. janúar 2007. Miðstöðin er bæði safn og rannsókn- og fræðslustofnun á sviði munnlegrar sögu. Henni er m.a. ætlað að efla munnlega sögu sem aðferð í sagnfræði, safna, skrá og varðveita heimildir í munnlegri geymd, stuðla að greiðum aðgangi almennings og fræðimanna í ýmsum greinum vísinda og fræða að munnlegum heimildum, leiðbeina, fræða og þjálfa fólk við söfnun og notkun munnlegra heimilda í sögurannsóknum, veita fræðslu um söfnun og notkun munnlegra heimilda, skapa fræðimönnum aðstöðu til rannsókna og standa fyrir fræðilegri umræðu um munnlega sögu.

Miðstöðin er samstarfsvettvangur fjögurra aðila: Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands, Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands (RIKK) og Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn.

Í stjórn Miðstöðvar munnlegrar sögu sitja: Guðmundur Jónsson prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Þorsteinn Helgason dósent við Kennaraháskóla Íslands, Kristín Ástgeirsdóttir forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, og Örn Hrafnkelsson forstöðumaður handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Fastur starfsmaður Miðstöðvar munnlegrar sögu er Unnur María Bergsveinsdóttir.

Miðstöðin er til húsa í Þjóðarbókhöllu, 4. hæð. Heimasíða miðstöðvarinnar er:

www.munnlegsaga.is.

<p>HEIMASÍÐA FÉLAGSINS: WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET</p>
--

MINNI - FÉLAG UM MUNNLEGAN MENNINGARARF

Minni. Félag um munnlegan menningararf var stofnað þann 27. janúar 2007. Á stofnfundi Minnis var kosið í stjórn og frumvarp til laga félagsins samþykkt með breytingum. Fundinn sátu bæði einstaklingar og fulltrúar hinna ýmsu

stofnana. Markmiðið með stofnun félagsins er að skapa samræðugrundvöll fyrir þá aðila sem áhuga hafa á þessum flokki heimilda og að efla söfnun, varðveislu, miðlun og rannsóknir á munnlegum heimildum. Sjá nánar: www.munnlegsaga.is

FRÁ FÉLAGI UM ÁTJÁNDU ALDAR FRÆÐI

Norræn ráðstefna um nýjar rannsóknir á upplýsingunni á Norðurlöndum

Félag um átjándu aldar fræði heldur norræna ráðstefnu undir yfirskriftinni *Nya perspektiv på upplysningen i Norden* mánudaginn 13. ágúst nk. Ráðstefnan verður haldin í Þjóðarbókhöllu, fyrirlestrasal á 2. hæð. Viðfangsefni fyrirlestra eiga að vera innan þess sviðs sem felst í heiti ráðstefnunnar, þ.e. í þeim á að gera grein fyrir nýjum rannsóknum sem varða upplýsinguna á Norðurlöndum. Fyrirlestrar skulu ekki taka lengri tíma en 20 mínútur í flutningi. Að loknum hverjum fyrirlestri gefast allt 10 mínútur til umræðna og fyrirspurna. Fyrirlestra má flytja á hverju eftirtalinna tungumála sem er: dönsku, norsku, sænsku og ensku.

Tilboð um að flytja fyrirlestra á ráðstefnunni skal senda ritara Félags um átjándu aldar fræði, Ólöfu Gardarsdóttur, Hagstofu

Íslands, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík, netfang: Olof.Gardarsdottir@hagstofa.is, ekki síðar en 30. apríl.

Titill væntanlegs fyrirlestrar skal koma fram í tilboðinu og þar á einnig að vera stutt lýsing (200–300 orð) á efni hans. Ólöf veitir nánari upplýsingar um ráðstefnuna (sími á skrifstofutíma: 528 1031).

Málþing um Tómas Sæmundsson

Félag um átjándu aldar fræði heldur málþing undir yfirskriftinni *Tómas Sæmundsson – tveggja alda minning* laugardaginn 21. apríl nk. í Þjóðarbókhöllu, fyrirlestrasal á 2. hæð. Málþingið hefst kl. 13:00 og því lýkur um kl. 16:45. Eftirtaldir fræðimenn flytja erindi: Eiríkur Guðmundsson, Hjalti Hugason, Ingi Sigurðsson, Sigurður Línal og Steinunn Haraldsdóttir. Fundarstjóri verður Loftur Guttormsson.

FRÁ SÖGUFÉLAGI

TILBOÐ TIL NÝRRA FÉLAGSMANNA

Sögufélag hefur frá upphafi verið vettvangur útgáfu sagnfræðiritra, bæði heimildarita á borð við *Alþingisbækur* og *Sýslu- og sóknarlýsingar* sem og yfirlitsrita eins og *Ísland á 20. öld*. Félagar í Sögufélagi njóta afsláttar af útgáfubókum félagsins.

Skrautfjöldur Sögufélags er tímaritið SAGA, ritrynt fagtímarit sem kemur út tvisvar á ári. SAGA er mikilvægasti vettvangur sagnfræðilegrar umræðu á Íslandi. Í hverju hefti eru nokkrar megingreinar um íslenska sagnfræði, styttri greinar um margvísleg viðfangsefni fræðanna, ritdómar um sagnfræðirit, viðtöl við erlenda fræðimenn auk þess sem fræðimenn eiga það til að takast á um túlkun og fræði í stuttum og snörpum viðhorfsgreinum.

Með því að ganga í Sögufélag verður þú sjálfkrafa áskrifandi að *SÖGU* því félagsgjaldið er áskriftarverð tímaritsins (kr. 3.100 tvisvar á ári). Stjórnin býður nýja félagsmenn velkomna og býður þeim í kaupbæti eitt af smáritum Sögufélags, sem er ný útgáfuröð á vegum

félagsins. Smáritin eru:

Guðmundur J. Guðmundsson, *Á hjara veraldar. Saga norrænna manna í Grænlandi*.

Patricia Boulhosa, *Gamli sáttmáli. Tilurð og tilgangur*.

Járnsíða og Kristinréttur Árna Þorlákssonar. Útg. Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson.

Hildur Biering, *Barnauppeldisins heilaga skylda. Barnavernd á fyrri hluta 19. aldar*.

Áhugasamir geta haft samband við sogufelag@sogufelag.is eða annaagn@hi.is eða hringt í félagið milli 14 og 18 á daginn í síma 551-4620. Nauðsynlegt er að nýir áskrifendur tiltaki hvaða smárit þeir óska sér í kaupbæti.

www.sogufelag.is

STEFNIR Í STJÓRNARKREPPU? FORDÆMI ÚR FORTÍÐinni

Fyrstu helgina í maí stendur Sagnfræðingafélag Íslands að málþingi um stjórnarmyndanir og stjórnarkreppur fyrr og nú. Tilkynnt verður um frummælendur síðar. Málþingið verður auglýst nánar á Gammabrekku og í fjölmiðlum þegar nær dregur.

MUNIÐ SAGNFRÆÐINGATALIÐ!

Félagar í Sagnfræðingafélaginu eru hvattir til að kaupa ritverkið *Íslenskir sagnfræðingar I-II*, þar sem er að finna sagnfræðingatal, greinar um fræðigreinina, sjálfsævisögubrot, sögu Sagnfræðingafélags Íslands og margt fleira. Bækurnar fást hjá Skruddu og helstu bókabúðum.

www.skrudda.is

SKÝRSLA UM AÐGANG AÐ ÖRYGGISGÖGNUM Í SKJALASÖFNUM

Þann 9. febrúar sl. skilaði nefnd um aðgang að opinberum gögnum um öryggismál Íslands skýrslu til Alþingis. Nefndin var skipuð 22. júní 2006 og var ætlað að gera tillögur um aðgang fræðimanna að gögnum sem snerta öryggismál Íslands á árunum 1945-1991 sem væru í vörslu opinberra aðila innan lands.

Í skýrslunni er m.a. að finna drög nefndarinnar að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands. Þar er lagt til að stofnuð verði sérstök safnadeild við Þjóðskjalasafn Íslands þar sem gögn um öryggismál Íslands á árunum 1945-1991 verði varðveitt. Skýrsluna má finna á vef forsætisráðuneytisins:

http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/skyrsla_oryggismal.pdf

HEIMASÍÐA SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS:
WWW.SAGNFRAEDINGAFELAG.NET

Fréttabréf Sagnfræðingafélagsins er prentað hjá Fjölrítunarstofu Daníels Halldórssonar.

Efni í fréttabréfið má senda á bragio@bok.hi.is

Áframsendið ekki!
Sagnfræðingafélag Íslands
Hringbraut 121, 107 Reykjavík
